



Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Ágæta umhverfis- og samgöngunefnd.

Ég óska fyrir hönd Súðavíkurbærs eftir því að tekið verði tillit til þess sem hér fer á eftir þegar fjallað verður um 378. mál 151. löggjafarþings 2020-2021 um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 – sveitarstjórnarlög og tekjustofnar sveitarfélaga.

Vísa til þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað á alþingi um málið sem varðar þann hluta frumvarps háttvirts ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Sigurðar Inga Jóhannssonar, sem lítur að lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum. Einkum vil ég vísa til umræðu um málið í aðdraganda þess að málið rataði hér fyrir umhverfis- og samgöngunefndina.

Háttvirtur þingmaður Reykjavíkurbjórðæmis suður, Björn Leví Gunnarsson, hefur réttilega beint spurningum sínum að ráðherra vegna frumvarpsins og bent á þau sjónarmið sem lúta að grundvallarlögum landsins. Einkum að þeirri hugmyndafræði sem rakin er til aðdraganda mannréttinda og lýðræðis og sjónarmiða sem við viljum láta kenna okkur við. Um er að ræða vegferð sem hófst með sjálfstæðis- og mannréttindayfirlýsingum á 18. öld og sem við í raun réttir reynum að byggja samfélag okkar á hér á Íslandi. Í þeim fólst yfirleitt ákall um temprun ríkisvalds og boðvalds þrýstihópa með misskýrt umboð þar sem réttur fólks sem hóps eða einstaklinga var undir. Þá talið að réttur til sjálfsákvörðunar væri meðal mikilsverðra réttinda sem best væri að tryggja í grundvallarlögum.

Háttvirtur þingmaður, Björn Leví Gunnarsson, spurði háttvirtan ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála Sigurð Inga Jóhannsson ítrekað út í það hvernig sú lögbvingan sem frumvarpið boðar til sameiningar sveitarfélaga með vísan í lágmarksfjölda íbúa fái samræmst lögnum og sjálfstjórnarréttinum sem þau boða. Ég geri ráð fyrir að nefnd þessi þekki þessar umræður þar sem nefndin er skipuð þingmönnum, en umræðurnar er að finna á slóð inn á vef alþingis <https://www.althingi.is/alttext/upptokur/lidur/?lidur=lid20210126T182757>

Þá er einnig vísað til þess í sveitarstjórnarlögnum og evrópuráðssamningnum um sjálfstjórn sveitarfélaga að íbúar viðkomandi sveitarfélaga eigi alltaf að eiga síðasta orðið um málefni sín og þá ekki síst um tilvist sveitarfélagsins. Óeðlilegt er í alla staði að önnur sveitarfélög hafi um það að segja hvort fémenn sveitarfélög skuli vera til sem stjórnsýslueiningar með ályktun á samráðsvettvangi sem ætlaður er til annarra hluta.

Með lögbvingan frumvarpsins (sem hún raunverulega er að lögum) er þessi mikilvægi réttur íbúa viðkomandi sveitarfélaga afnuminn – réttindi sem jafna má til mannréttinda - og til þess að ná fram virkni frumvarps um fækkun sveitarfélaga undir því skyni að efla þau. Sama hvað, unnið var að því öllum árum með ýmsum hætti. Svo mjög kveður að þessu, að í samráðsnefnd um vinnuna – grænbók um málefni sveitarfélaga – átti þar ekki einn fulltrúi fámenns sveitarfélag aðkomu og var það kallað samráð.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Þá er það einnig svo að í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands sbr. lög nr. 33/1944 að vísað er til sjálfstjórnar sveitarfélaga í 78. gr., sveitarstjórnarlög eru grundvölluð á sjálfstjórn sbr. öll inngangsákvæði, 1. gr. laganna, 2. gr. og einkum 4. tl. 3. gr. laganna en upplýsandi samantekt um það er að finna að heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um sjálfstjórn sveitarfélaga og anda sveitarstjórnarlaganna: <https://www.samband.is/verkefning/stjornsysla/sjalfstjorn-sveitarfelaga/>

Þá er vert að vísa til þess að evrópuráðssamningur um sjálfstjórn sveitarfélaga¹ virðist því miður ekki aðgengilegur á vef stjórnarráðsins eða síðu Sambands íslenskra sveitarfélaga af einhverjum undarlegum orsökum og því ekki unnt að vísa í hann þar. Vart hefur Ísland sagt upp aðild sinni þar. Ekki liggur annað fyrir en að Ísland sé enn aðili með þeim kvöðum sem slíkt fjölþjóðsamstarf felur í sér, en m.a. samkvæmt lögskýringarreglur gengur frammar íslenskum lögum sem fara gegn honum. Reynt hefur verið eftir megni að fá álit sem leyfir þessa þvingan frumvarpsins fram hjá ákvæðum hans svo og anda sveitarstjórnarlaga, en tilraunir í þá veru er að finna meðal undirbúningsgagna frumvarpsins.

Mér sem sveitarstjóra Súðavíkurbrepps hefur verið treyst til þess af sveitarstjórninni ítrekað að fara með fyrirvar fyrir sveitarfélagið í þessu máli og miðla m.a. til alþingis þeim mótmælum sem Súðavíkurbreppur hefur uppi um fyrrgreint íbúalágmark.

Súðavíkurbreppur leggst gegn þessum hluta frumvarpsins, lágmarksíbúafjölda sveitarfélags, enda þótt Súðavíkurbreppur styðji í grunninn eflingu sveitarstjórnarstigsins líkt og flest önnur sveitarfélög landsins. Þá viðurkennir Súðavíkurbreppur ekki aðild annarra sveitarfélaga landsins til þess að hlutast til um málefni Súðavíkurbrepps á grundvelli Sambands íslenskra sveitarfélaga. Súðavíkurbreppur, sem eitt aðildarfélag Sambands íslenskra sveitarfélaga kannast ekki við að hafa veitt slíkt umboð á þeim vettvangi, enda þótt háttvirtur ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála vitni ítrekað til þess stuðnings sem fengist hafi við frumvarpið í heild á aukalandsþingi 2019 og landsþingi 2020.

Virðist sem svo að enginn hafi leyft sér að skoða þann stuðning, samþykki aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið, undir gleraugum sjálfstjórnarréttis sveitarfélaga og nefndum evrópuráðssamningi um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Þing Sambands íslenskra sveitarfélaga hafði með öðrum orðum ekki umboð til þess að fjalla um málenfið með bindandi hætti fyrir aðildarfélag sín. Þá er jafnframt ljóst að sá víðtæki stuðningur við íbúalágmarkið sem vitnað er til á þessum vettvangi var naumur, eða um 55%, en það er forvitnilegt í ljósi þess að fámenn sveitarfélög fara aðeins með 1 atkvæði á móti mörgum atkvæðum stærri sveitarfélaga. Ætlast ég til þess að nefnd þessi þekki í þá vægi atkvæða sem eru að baki þessu og hvernig atkvæði féllu. Athygli vekur að krafa var um það af hendi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að atkvæðagreiðsla um málið væri leynileg, en til þessa hafa atkvæði verið greidd með handauppréttingum á þingum þess.

¹ <https://rm.coe.int/european-charter-of-local-self-government-icelandic-version-pdf-a6-58-/16808b71d9>



SÚÐAVÍKURHEPPUR

Rétt er að vekja máls á því að Súðavíkurbeyri hefur átt aðild að samstarfsvinnu á grundvelli sveitarfélaga sem telja undir 1000 íbúa og hafa þau haft með sér samráð um vinnu í þá átt að hafa áhrif um málefni sín. Í raun réttir felst í þessari samvinnu ákall um áheyrn þeirra sem lögin setja og ráðherra málaflokksins. Þessi sveitarfélög telja um 20 sem hafa þar átt aðild og hafa verið í viðræðum við stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga og í raun líka fundað með háttvirtum ráðherra samgöngu- og sveitarstjóranarmála.

Fundur með stjórn sambandsins hefur ekki verið árangursríkur en háttvirtur ráðherra hefur sýnt erindi þessa hóps meiri skilning. Kom það fram á fundi með hópnum og ráðherra. Sá fundur fór fram þann 15. febrúar 2021 og lagði vinnuhópur í nafni þessara sveitarfélaga fram miðlunartillögu til breytinga á frumvarpinu – umsögn þessara 20 sveitarfélaga. Súðavíkurbeyri tekur undir þá tillögu enda á sveitarfélagið aðild að henni og stóð að sem slíkri. Tillagan er send hér inn sem viðhengi (skjal) með umsögn þessari.

Að öllu virtu, um málefni sem hefur fengið talsverða umræðu í aðdraganda, get ég sem lögfræðingur og með snefil af reynslu á sviðinu ekki fallist á að réttur íbúa til þess að ákvarða tilvist síns sveitarfélags geti verið afnuminn með lagasetningu. Lagasetningu sem hefur allt annað í sér fólgið en forsjá eða umhyggju fyrir velferð þeirra íbúa sem fyrir áhrifum hennar verða. Flestir sem byggja fámenn sveitarfélög gera það af fúsum og frjálsum vilja og sætta sig við og sækjast eftir þeim eiginleikum sem slíkt samfélag hefur upp á að bjóða. Á það við um þá þjónustu sem er í boði, hvernig hún er veitt eða ekki. Samlegð með öðru sveitarfélagi kann að vera kostur og ætti að skoðast sem slíkur í sérhverju tilfalli, en ekki sem þvingun sem er yfirleitt ekki neinum til heilla. Slíkur hvati á alltaf að koma frá íbúum, ekki sveitarstjóra, bæjarstjóra eða sveitarstjórnarfólki. Íbúar eru alltaf þeir sem umboð veita þeim sömu og hagsmunirnir sem eru undir eru þeirra.

Þvingun gegn vilja íbúa sveitarfélaga, fjölmennra eða fámennra, er ekki í anda þess stjórnskipulags eða lýðræðis sem þið sem alþingismenn og nefndarmenn sækid umboð ykkar til. Frumvarp sem gengur gegn þeim gildum er dæmt til þess að verða virt að vettugi eða taka breytingum – þið eruð kjörnir fulltrúar í samfélagi sem kennir sig við lýðræðislega stjórnhætti og sjálfsstjórn. Engum í veröldinni ætti að vera meira ljóst mikilvægi þess að rödd þess sé virt eins og íbúum Íslands þar sem við erum örsamfélag í alþjóðlegu tilliti. Við krefjumst samt sem áður og af sömu hvötum sjálfstæðis og sjálfstjórnar.

Fyrir hönd Súðavíkurbeyris,

Bragi Þór Thoroddsen lögfræðingur
Sveitarstjóri Súðavíkurbeyris